

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið
Skrifstofa loftslags og náttúru
urn@urn.is

Reykjavík, 12. nóvember 2025

Efni: Umsögn Samorku um tillögu um flokkun Hamarsvirkjunar í biðflokk, mál í samráðsgátt nr. S. 150/2025

Samorka fagnar tillögu menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðherra sem staðgengils umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra um að færa Hamarsvirkjun úr verndarflokki í biðflokk verndar- og orkunýtingaráætlunar.

Í tillögu ráðherra er vísað til þess ójafnvægis sem skapast hefur milli framboðs og eftirspurnar á raforkumarkaði, spám Landsnets um orkuþörf og áforma ríkisstjórnarinnar um áherslu á aukna orkuöflun í þágu orkuöryggis, orkuskipta og verðmætasköpunar. Þá er réttilega á það bent í tillögu ráðherra að virkjunarkosturinn Hamarsvirkjun er staðsettur utan helstu umbrota- og hamfarasvæða Íslands og býður því upp á möguleika til að tryggja langtímaorkuöryggi verði hamfarir á öðrum svæðum landsins.

Þá kemur fram að umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra hyggist leggja fram á þingi frumvarp um breytingu á lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun til að bæta skilvirkni og málsmeðferð samkvæmt lögunum.

Samorka hefur um árabil gagnrýnt ferli rammaáætlunar meðal annars með vísan til þess að þar hefur ekkert verið hugað að raforkuþörf, loftslagsmarkmiðum og áætlunum um orkuskipti. Þá hefur Samorka dregið í efa ýmislegt í ferli rammaáætlunar, svo sem skort á gagnsæi og samræmi við meginreglur opinnar og lýðræðislegrar stjórnsýslu.

Það er ánægjulegt að sjá að ráðherra boðar nú breytingar á lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun. Á sama tíma er skynsamlegt að festa ekki í verndarflokki kosti sem geta reynst bæði hagkvæmir og skynsamlegir. Í því samhengi verður að hafa í huga að flokkun orkukosta í vernd, bið og nýtingu hefur mjög misjöfn áhrif. Þannig felur flokkun í nýtingarflokk það einungis í sér að heimilt er að hefja ferli leyfisveitinga og skipulagsmála. Í því felast engin loforð eða áform um að af virkjunarframkvæmdum verði. Hins vegar hefur flokkun í verndarflokk það í för með sér að stjórnvöldum ber að hefja undirbúning að friðlýsingu gegn orkuvinnslu.

Samorka telur mikilvægt að bíða með að flokka virkjunarkosti í verndarflokk rammaáætlunar, meðan unnið er að úrbótum á lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun og til að tryggja að nægjanlegur fjöldi orkukosta sé til skoðunar til að mæta raforkuöryggi þjóðarinnar, tryggja orkuskipti og viðnámsþrótt samfélagsins og leggja grunn að fjölbreyttri atvinnustarfsemi og jákvæðri byggðaðróun.

Samorka þakkar fyrir tækifærið til að veita umsögn um málið og lýsir yfir vilja til samstarfs við stjórnvöld um áframhaldandi endurskoðun virkjunarkosta og ferli rammaáætlunar og leyfisveitinga.

Virðingarfyllst, f.h. Samorku



Katrín Helga Hallgrímsdóttir, lögfræðingur